

hindrunar, að hann ynni með svo kölluðum hjálparmönnum utan ofanefndra staða, og hefir þessum vottorðum sveinanna ekki verið mótmælt. Þar sem framkvæmd oftnefndrar 9. gr., sem hér er deilt um, hefir undanfarin ár og athugasemdalaust af hálfu forráðamanna eða meðlima stefnda verið sú, sem lýst er hér að framan, verður að telja, að skilningur stefnda á nefndri 9. gr. sé réttur. Ber því að taka sýknukröfu hans til greina.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 75.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Málarameistarafélag Reykjavíkur, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Málarasveinafélags Reykjavíkur, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 75.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. desember 1940.

Nr. 13/1940. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Félags íslenzkra iðnrekenda**

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík.

Varadómari hrm. Jón Ásbjörnsson í stað Kjartans Thors.

Ekki talið leiða til ógildingar á uppsögn stéttarfélags á kjarasamningi, að félagið hafði ekki, innan tilskilins tíma, sent gagnaðilja kröfur til breytinga á samningi þeim, er upp var sagt, með því að drátturinn væri réttlætanlegur vegna sérstakra ástæðna.

Dómur.

Þann 22. desember 1937 var undirritaður kjarasamningur milli Félags íslenzkra iðnrekenda og félagsins Iðju (félags verksmiðjufólks). Fyrri mgr. 18. gr. þessa samnings er svo hljóðandi:

„Samningurinn gildir frá 1. janúar 1938, og skal hann vera í gildi þar til annar hvor aðili segir honum upp fyrir áramót, með minnst þriggja mánaða fyrirvara. Áður en hálfur mánuður er liðinn af uppsagnartímanum skal sá aðili, sem tilkynnir uppsögn sína, hafa lagt fram við gagnaðilja kröfur sínar til breytingar á gildandi samningum, og áður en einn mánuður er liðinn, skulu samningsaðiljar eiga fund saman um þau atriði“.

Með bréfi, dags. 28. október þ. á., tilkynnir 5 manna nefnd, er Iðja hafði kosið til þess að segja upp téðum samningi og semja að nýju, Félagi ísl. iðnrekenda, að félagsfundur í Iðju hafi ákveðið að segja upp frá 1. janúar 1941 „þeim ákvæðum samnings félagsins við atvinnurekendur, er fjalla um kaupgjald félagsfólks“. Jafnframt æskir nefndin þess, að hefja samningaumleitanið hið fyrsta við Félag ísl. iðnrekenda. Þessu bréfi svarar Félag íslenskra iðnrekenda með bréfi, dags. 5. nóv. þ. á., og tilkynnir þar, að félagið hafi kosið þriggja manna samninganefnd.

Með bréfi, dags. 22. nóvember s. l., er Iðju tilkynnt af samninganefnd iðnrekenda, að þar sem nefndinni hafi ekki enn þá borizt neinar kröfur til breytinga á kjarasamningnum, sem sagt var upp með bréfi, dags. 28. október, og hinn samningsbundni frestur til þess að leggja þær fram samkvæmt 18. gr. samningsins væri liðinn, þá telji samninganefndin fyrrgreinda uppsögn ógilda og kaupgjaldsákvæði kjarasamningsins frá 22. desember 1937 ekki falla úr gildi um næstu áramót og því bindandi fyrir báða samningsaðilja a. m. k. allt árið 1941. Þessum skilningi mótmælir Iðja í bréfi, dags. 28. nóvember s. l., og skirskotar í því efni til 12. töluliðs 2. gr. laga nr. 51 12. febrúar 1940, um gengis-skráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Með stefnu, dags. 6. þ. m., höfðar Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Félagi ísl. iðnrekenda mál þetta og gerir þær réttarkröfur: *aðallega* að viðurkennt verði með dómi, að framangreind uppsögn félagsins „Iðju“ í áðurnefndu bréfi til Félagi ísl. iðnrekenda, dags. 28. október s. l., á nefndum samningi, dags. 22. des. 1937, frá 1. janúar n. k. að telja, skuli teljast *að öllu leyti ógild*, en *til vara*, að viðurkennt verði með dómi, að uppsögnin verði aðeins talin gild að því er snertir c-lið 2. gr. fyrrnefnds samnings. Þá krefst stefnandi málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Iðju (félags verksmiðjufólks), krefst sýknu af aðalkröfu stefnanda, en að varakröfunni verði vísað frá dómi, svo krefst hann og málskostnaðar af stefnanda, eftir mati dómsins. Loks krefst stefndi þess, að stefnandi verði sektaður fyrir ástæðulausa málshöfðun.

Aðaldómkröfu sína byggir stefnandi á því, að þar sem ákvæði 18. gr. tóðs kjarasamnings mæli svo fyrir, að sá aðili, sem tilkynnir uppsögn, skuli, áður en hálfur mánuður sé liðinn af uppsagnartímanum, leggja fram kröfur sínar til breytinga á samningnum, þá hljóti vanræksla í því efni að valda því, að samningurinn framlengist óbreyttur, að öðrum kosti sé þetta ákvæði með öllu þýðingarlaust. Þá heldur stefnandi því fram, að ákvæði 12. töluliðs 2. gr. laga nr. 51/1940, sem heimilar uppsögn kaupgjaldsákvæða í kjarasamningum með tveggja mánaða fyrirvara, miðað við 1. janúar 1940, breyti engu í þessu efni, öll önnur ákvæði samninga um uppsögn standi óhöggð.

Stefndi hefir hins vegar haldið því fram, að ákvæði 18. gr. kjarasamningsins hafi eingöngu verið sett aðiljum til aðhalds um að hraða samningaumleitunum sínum, og gefi vanræksla á því, að leggja fram kröfur til breytinga á samningi, á engan hátt valdið því, að uppsögn samningsins verði fyrir það ógild. Til þess að þannig verði litið á, hefði þurft að taka það skýrt fram í samningnum sjálfum, og það því fremur sem hér sé um nýmæli að ræða í kjarasamningnum. Þá telur stefnandi, að ákvæði 12. töluliðs 2. gr. laga nr. 51/1940 felli úr gildi öll sérákvæði kjarasamninga um uppsögn.

Rétturinn verður að fallast á þá skoðun stefnanda, að heimild 12. töluliðs 2. gr. laga nr. 51/1940 til þess að segja upp kaupgjaldsákvæðum, verði ekki skýrð á þann veg, að ef þar greind heimild sé notuð, þá falli jafnframt úr gildi önnur sérákvæði í kjarasamningnum, sem uppsögnina varða.

Hins vegar verður að líta svo á, að ákvæði það í samningi aðilja, sem hér um ræðir, sé miðað við venjulegar ástæður í þjóðfélaginu, en ekki slíkt ástand, sem nú ríkir, þegar verðlag á nauðsynjum, sem er hinn eðlilegi grundvöllur undir kaupgjaldskröfum verkamanna, breytist óðfluga. Um það leyti, sem samningar skyldu hefjast, stóð auk þess svo á, að kauplagsnefnd var í undirbúningi með nýjan grundvöll

undir útreikning á verðlagsbreytingum, en flest verklyðs-félög í landinu höfðu sagt upp kjarasamningum við atvinnu-rekendur og var í ráði að samríma kröfur þeirra sem mest innbyrðis. Félagi ísl. iðnrekenda mátti því vera það ljóst, að stefnda var óhægt um vik að koma fram með ákveðnar til-lögur um breytingar á kaupgjaldinu að svo stöddu. Þá var og eigi unnt að draga þá ályktun af athafnaleysi Iðju í þessu efni, að hún vildi falla frá uppsögn sinni á samningnum frá 22. des. 1937.

Samkvæmt því, sem að framan segir, verður rétturinn, vegna hinna sérstæðu kringumstæðna, að líta svo á, að van-ræksla félagsins Iðju á því að gera í tæka tíð ákveðnar kröfur um breytingar á oftnefndum samningi, sé ekki svo verulegt brot á núgildandi samningi, að það eigi að valda ógildingu á uppsögn hans, og verður því aðalkrafa stefn-anda ekki tekin til greina.

Fyrir varakröfu sinni hefir stefnandi fært þær málsástæð-ur, að ekki sé fyllilega ljóst, við hvaða ákvæði kjarasamn-ingsins sé átt í bréfi Iðju frá 28. október s. l. með orð-unum: „þeim ákvæðum samninga félagsins við atvinnu-rekendur, er fjalla um kaupgjald félagsfólks“, og sé því nauðsynlegt að fá úr því skorið, hvað uppsögnin sé viðtæk.

Við munnlegan flutning þessa máls hefir umboðsmaður stefnda lýst því yfir, að með framangreindum orðum sé átt við ákvæðin í c-lið 2. gr. samningsins. Þar sem þessi yfirlýsing, sem er í samræmi við varakröfu stefnanda, hefir fyrst verið gefin við flutning málsins, ber að taka til greina varakröfu stefnanda um, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að uppsögn kjarasamningsins verði aðeins tekin gild að því er tekur til c-liðs 2. gr. samnings málsaðilja dags. 22. des. 1937.

Krafa stefnda um sekt á hendur stefnanda fyrir ástæðu-lausa málshöfðun verður ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Uppsögn Iðju, félags verksmiðjufólks, dags. 28. okt. þ. á., á kjarasamningi frá 22. desember 1937 milli þess félags og Félags íslenzkra iðnrekenda, tekur aðeins til c-liðs 2. gr. þess samnings.

Málskostnaður falli niður.